



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 4. febrúar 2019

Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ, 31. janúar sl., samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga, annars vegar, og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, hins vegar.

Breytingartillaga á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga, sem samþykkt var af stjórn, var unnin af mannvirkjanefnd KSÍ. Breyting þessi var upphaflega lögð til á fundi stjórnar KSÍ, 13. desember 2018, en þá var samþykkt að senda tillöguna til umsagnar hjá ÍTF. Engar athugasemdir bárust frá ÍTF vegna tillögunnar og var hún því samþykkt á fundi stjórnar KSÍ 31. janúar sl. Um er að ræða breytingar á greinum **9, 14** og **41**.

Breytingartillaga á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sem samþykkt var af stjórn, var unnin af mótanefnd KSÍ. Um er að ræða breytingar á greinum **26** og **34**.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

REGLUGERÐ KSÍ UM KNATTSPYRNULEIKVANGA

Grein 9 – Mörk og varamörk

Fyrir samþykktar breytingar:

- 9.1 Markstangir og þverslár verða að vera úr áli eða sambærilegu efni, og vera ávalar (hring- eða ellipsulaga). Þá verða þær að vera eins og lagt er fyrir um í knattspyrnulögunum, þ.e.
 - a. fjarlægð milli þeirra skal vera 7,32 m,
 - b. fjarlægð frá neðri hlið þverslár til yfirborðs vallar skal vera 2,44 m,
 - c. markstengur og þverslá skulu vera hvítar, og
 - d. markstengur og þverslá mega ekki skapa neina hættu fyrir leikmenn.
- 9.2 Flokkar A, B og C.

Varamark verður að vera tiltækt á leikvanginum, sem er auðvelt að setja upp ef aðstæður krefjast þess.

Eftir samþykktar breytingar:

- 9.1 Markstangir og þverslár verða að vera úr áli eða sambærilegu efni, og vera ávalar (hring- eða ellipsulaga). Þá verða þær að vera eins og lagt er fyrir um í knattspyrnulögunum, þ.e.
- fjarlægð milli þeirra skal vera 7,32 m,
 - fjarlægð frá neðri hlið þverslár til yfirborðs vallar skal vera 2,44 m,
 - markstengur og þverslá skulu vera hvítar, og
 - markstengur og þverslá mega ekki skapa neina hættu fyrir leikmenn.
- 9.2 Flokkar A, B og C:
Varamark verður að vera tiltækt á leikvanginum, sem er auðvelt að setja upp ef aðstæður krefjast þess.
- 9.3 Reglugerðir UEFA gilda um mörk og varamörk á knattspyrnuvöllum sem leikið er á í keppnum á vegum UEFA. UEFA gerir kröfu um að markstangir og þverslár marka séu steypnar/festar tryggilega við jörð. Annar stuðningur eða aðrir viðbótarbyggingarþættir mega ekki vera til viðbótar markstöngum og þverslá inni í marknetinu eða í nánasta umhverfi. Sjá nánar í reglugerð UEFA.

Grein 14 – Búningsaðstaða

Fyrir samþykktar breytingar:

- 14.4 Flokkar A, B og C:
Aðskilin búningsherbergi skulu vera á öllum leikvöngum. Þá skal og vera í þeim búnaður, sem dómari getur notað til þess að gefa liðum merki við upphaf hvors leikhluta.
- Búningsherbergi skal hafa rúmgóða búningsaðstöðu, fatahengi eða skápa fyrir a.m.k. 25 manns, og vera með sætispláss fyrir alla. Heppileg lausn er t.d. samnýting tveggja minni búningsklefa sitt hvoru megin við sturtuklefa, fyrir hvort lið.
 - Innangengt skal vera á salerni úr búningsherbergi.
 - Sturtuklefar skulu vera með a.m.k. fimm sturtuhausum, og tengdir búningsherbergjum.
 - Þá skal gera ráð fyrir pláss fyrir nuddaðstöðu og töflu fyrir þjálfara.

Eftir samþykktar breytingar:

- 14.4 Flokkar A, B og C:
Aðskilin búningsherbergi skulu vera á öllum leikvöngum. Þá skal og vera í þeim búnaður, sem dómari getur notað til þess að gefa liðum merki við upphaf hvors leikhluta.
- Búningsherbergi skal hafa rúmgóða búningsaðstöðu, fatahengi eða skápa fyrir a.m.k. 25 manns, og vera með sætispláss fyrir alla. Heppileg lausn er t.d. samnýting tveggja minni búningsklefa sitt hvoru megin við sturtuklefa, fyrir hvort lið. Við nýframkvæmdir er gerð sú krafa, ef samnýta á tvo klefa, að stærri klefinn hafi rúmgóða búningsaðstöðu, fatahengi eða skápa fyrir a.m.k. 20 manns og minni klefinn hafi rúmgóða búningsaðstöðu, fatahengi eða skápa fyrir a.m.k. 15 manns.
 - Innangengt skal vera á salerni úr búningsherbergi.
 - Sturtuklefar skulu vera með a.m.k. fimm sturtuhausum, og tengdir búningsherbergjum.
 - Þá skal gera ráð fyrir pláss fyrir nuddaðstöðu og töflu fyrir þjálfara.

Grein 41 – Flóðlýsing

Fyrir samþykktar breytingar:

- 41.2 Flokkur B: Ekki er gerð krafa um flóðljós á leikvangi sem er ætlaður fyrir keppni á vegum KSÍ meðan aðalkeppnistímabil innanlands (Íslandsmót og bikarkeppni) nær ekki yfir lengra tímabil en 1. maí – 10. október.

Ef leikvöllur er útbúinn með flóðljósum, og til sjónvarpsútsendingar kemur þarf nauðsynleg lýsing að ná lágmarki, sem getur ekki verið minna en 500 Ev (lux) fyrir fastar myndavélar og 300 Ev (Lux) gagnvart hreyfanlegum myndavélum, skv. samþykktum framgangsmáta og með útgefinni lýsingarvottun frá til þess bærnum óháðum aðila. Ráðlagt er að reikna með viðhaldsstuðli

0,7. Jafnleiki lýsingar skal ekki vera minni en 0,5 fyrir E_{\min}/E_{\max} og 0,7 fyrir E_{\min}/E_{av} . Litur lýsingar skal vera $>4000^{\circ}\text{K}$.

Til skýringar:

UEFA gerir eftirfarandi kröfur um flóðlýsingu, sem eru frá 800 Ev (Lux) og hærra. Að auki gerir UEFA kröfu um varaafsstöð. KSÍ gerir ekki ráð fyrir að vararafstöðvar séu til taks á Íslandi, nema að þess verði sérstaklega krafist af UEFA.

Viðhaldsstuðull 0,7 þýðir að uppsett lýsing þarf að vera 1,4 x kröfur ef gera á ráð fyrir rýrnun birtustigs með tímanum.

Krafa um jafnleika lýsingar er samsvarandi kröfum fyrir velli í Class II (League and clubs) skv. FIFA football stadiums - Technical recommendations and requirements.

Eftir samþykktar breytingar:

41.2 Flokkur B: Ekki er gerð krafa um flóðljós á leikvangi sem er ætlaður fyrir keppni á vegum KSÍ.

Ef leikvöllur er útbúinn með flóðljósum, og til sjónvarpsútsendingar kemur, þarf nauðsynleg lýsing að lágmarki að vera 500 Ev (lux), skv. íslenskum staðal þar um (ÍST EN 12193:2007). Jafnleiki lýsingar skal ekki vera minni en 0,5 fyrir E_{\min}/E_{\max} og 0,7 fyrir E_{\min}/E_{av} . Litur lýsingar skal vera $>4000^{\circ}\text{K}$.

Reglugerðir UEFA gilda um flóðlýsingu á knattspyrnuvöllum sem leikið er á í keppnum á vegum UEFA. UEFA gerir kröfur um flóðlýsingu, sem eru frá 800 Ev (Lux) og hærra.

Samantekt

Eins og fyrr segir, er um að ræða breytingar sem unnar eru af mannvirkjanefnd KSÍ. Eru breytingar á greinum 9.3 og 41.2. tilkomnar svo reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga upplýsi og skýri betur frá þeim skilyrðum sem UEFA gerir til vallarmarkanna annars vegar og flóðlýsinga hins vegar í keppnum á vegum UEFA. Til að mynda gera reglugerðir UEFA, sem gilda um keppni á vegum UEFA, kröfu um að markstangir og þverslár markanna séu steyptar/festar tryggilega við jörð. Annar stuðningur eða aðrir viðbótarbyggingarþættir mega ekki vera til viðbótar markstöngum og þverslár inni í marknetinu eða í nánasta umhverfi. Hvað varðar flóðlýsingu á knattspyrnuvöllum, þá gera fyrrnefndar reglugerðir UEFA ráð fyrir að flóðlýsing skuli vera 800 Ev (Lux) eða hærra í keppnum á vegum UEFA.

Með áorðnum breytingum á grein 14.4. er nú gerð sú krafa við nýframkvæmdir, ef samnýta á tvo klefa fyrir félag í keppnum á vegum KSÍ, að stærri klefinn hafi rúmgóða búningsaðstöðu, fatahengi eða skápa fyrir a.m.k. 20 manns og minni klefinn hafi rúmgóða búningsaðstöðu, fatahengi eða skápa fyrir a.m.k. 15 manns. Breyting þessi er tilkomin svo tryggt sé að leikmannahópi félaga geti verið vel komið fyrir í búningsherbergjum og þjálfari geti fundað með öllum leikmannahópi og aðstoðarmönnum á sama tíma í sama rými.

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

26. gr.
3. flokkur karla

Fyrir samþykktar breytingar:

26.2. Bikarkeppni KSÍ

- 26.2.1. Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 26.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 26.2.3. Keppnin er svæðakeppni og skal landinu skipt í fjögur svæði: Suður- og Vesturland, Vestfirði, Norðurland og Austurland.
- 26.2.4. Á Suður- og Vesturlandi skal leikið með útsláttarfyrirkomulagi þannig, að sigurvegari leiks heldur áfram en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 26.2.5. Á hinum landssvæðunum skal leikið með sama hætti og á Suður- og Vesturlandi. Mótanefnd er þó heimilt að láta leika með útsláttarfyrirkomulagi þannig, að bæði sé leikið heima og heiman.
- 26.2.6. Félag sem ferðast til leiks, skal greiða ferða- og uppihaldskostnað sinn.

Eftir samþykktar breytingar:

26.2. Bikarkeppni KSÍ

- 26.2.1. Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 26.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 26.2.3. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.
- 26.2.4. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 26.2.5. Ferðakostnaður (fargjald fyrir 18 manns) greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum enda skal hagkvæmni gætt í ferðakostnaði.

34. gr.
3. flokkur kvenna

Fyrir samþykktar breytingar:

34.2. Bikarkeppni KSÍ

- 34.2.1. Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 34.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 34.2.3. Keppnin er svæðakeppni og skal landinu skipt í fjögur svæði: Suður- og Vesturland, Vestfirði, Norðurland og Austurland.
- 34.2.4. Á Suður- og Vesturlandi skal leikið með útsláttarfyrirkomulagi þannig, að sigurvegari leiks heldur áfram en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 34.2.5. Á hinum landssvæðunum skal leikið með sama hætti og á Suður- og Vesturlandi. Mótanefnd er þó heimilt að láta leika með útsláttarfyrirkomulagi þannig, að bæði sé leikið heima og heiman.

Eftir samþykktar breytingar:

34.2. Bikarkeppni KSÍ

- 34.2.1. Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 34.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 34.2.3. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrikomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.
- 34.2.4. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 34.2.5. Ferðakostnaður (fargjald fyrir 18 manns) greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum enda skal hagkvæmni gætt í ferðakostnaði.

Samantekt

Um að ræða breytingar á greinum 26.2 og 34.2 sem unnar voru af mótanefnd KSÍ. Snúa breytingar þessar að fyrirkomulagi bikarkeppna í 3. aldursflokki en með áorðnum breytingum hafa svæðisbikarkeppnir verið lagðar niður í aldursflokknunum. Í stað þeirra hafa verið teknar upp landsbikarkeppnir í 3. aldursflokki líkt og er í 2. aldursflokki. Jafnframt er nú kveðið á um í greinum 26.2.5. og 34.2.5. að ferðakostnaður skuli vera greiddur að jöfnu af báðum leikaðilum en slíkt fyrirkomulag hefur verið á ferðakostnaði í 2. aldursflokki.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
lögfræðingur hjá KSÍ.